Nr. 68 5. febrúar 2003

# REGLUGERÐ

**um bann við veiðum með línu og fiskibotnvörpu á Sléttugrunni.**

1. gr.

Frá og með 7. febrúar 2003 eru allar veiðar með línu og fiskibotnvörpu óheimilar á Sléttugrunni, á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67° 07′ N – 17° 24′ V
2. 67° 07′ N – 17° 20′ V
3. 66° 51′ N – 17° 04′ V
4. 66° 51′ N – 17° 20′ V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. febrúar 2003.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*